



Kjarasamningurinn felldur í tvígang en allt er þegar þrennt er:

Kjarasamningur FÍA og Air Atlanta loksins í höfn

Erfiðlega gekk að fá samþykktu samninga milli FÍA og Air Atlanta á vordögum, en í fyrsta sinn í sögu FÍA voru samningarnir felldir í tvígang. Samninganefnd FÍA sagði af sér og í kjölfarið var haldinn félagsfundur þar sem farið var yfir hvað gera þyrfti. Þá fór stjórn FÍA eftir fundinn með tillögu að lausn vandans til stjórnenda Air Atlanta sem gengu að þeirri tillögu eftir nokkra daga umhugsun.

Sá samningur var settur í kosningu sem lauk föstudaginn 5. júní 2015, samningurinn hafði þá verið í kosningu í 7 sólarhringa. 109 voru á kjörskrá. Atkvæði greiddu 86 manns sem gerir 79% kjörsókn. 59 samþykktu og 27



höfnuðu samningnum, enginn sat hjá. afstöðu. Samningurinn var því samþykktur með 68,6% atkvæða þeirra sem tóku

Munið sumaropnun skrifstofu, 9-13 virka daga:

Nýtt starfsfólk á skrifstofu FÍA



Dagný Vala Einarsdóttir, nýr þjónustufulltrúi FÍA.

Nú hafa orðið breytingar á skrifstofu FÍA, Svava Svavarsdóttir hefur

látið af störfum að eigin ósk, Svövu þökkum við fyrir góð störf fyrir félagið. Í hennar stað er Dagný Vala Einarsdóttir, viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands. Dagný vann áður hjá Icelandair Technical Services í Keflavík og bjóðum við hana velkomna. Hún mun sjá um þjónustu við félagsmenn ásamt bókhaldi og skjalavörslu.

Þá hefur einnig tekið til starfa Erna Mathiesen, lögfræðingur. Hún mun sjá um samskipti við félagsmenn er varða kjarasamninga ásamt öðrum verkefnum sem henni verða falin frá stjórn og framkvæmdastjóra. Erna er í fullu starfi með fasta viðveru á



Erna Á. Mathiesen, nýr lögfræðingur FÍA.

opnunartíma skrifstofunnar. Bjóðum við Ernu jafnframt velkomna til starfa.

**ITF fundur um
hentifánastefnu**
bls 2

**ICAO vinnur að
auknu frelsi í þugi**
bls 3

**Fokkerinn
í 50 ár**
bls 5

**Niðurstaða
EFÍA kosninga**
bls 6

**Nýtt sumarhús
í Hálöndum**
bls 8

ITF fundur um hentifánastefnu í flugi:

Stéttarfélagin sameinast gegn hentifánastefnu flugfélaga

Á milli 40 og 50 fulltrúar frá stéttarfélögum í 22 löndum víðs vegar að úr heiminum, komur saman til fundar í Lundúnum nú í júní til að ræða sameiginlega ógn í flugheimunum, hentifánastefnu eða FOC's (flags of convenience). Þetta var 2 daga fundur haldinn í höfuðstöðvum ITF, International Transport Workers Federation, en FÍA hefur verið aðili að ITF í nokkur ár.

Fyrri daginn voru ræðumenn frá háskólasamfélaginu, flugfélögum, alþjóðasamtökum stéttarféлага og fleiri. Farið var yfir stöðuna og meðal annars hvað læra megi af reynslunni varðandi kaupskipaflotann. Seinni dagurinn var helgaður umræðu milli ITF fulltrúanna um hvaða leiðir eigi að fara til berjast gegn hentifánastefnu flugfélaganna. Allir voru sammála um að reyna sameina kraftanna bæði innan ákveðinna landa, heimsálfa og á alþjóðlega vísu. Allar starfsstéttir innan flugsins þurfa að átta sig á mikilvægi þessarar baráttu og reyna að sameina kraftanna eins og hægt er. Þarna eru sameiginlegir

hagsmunir á hverju svæði til að vernda störfn og þá flugstarfsemi sem fyrir er.

Meðal þeirra verkefna sem ITF ætlar að byrja vinna tengjast samskiptum við ICAO og vinnuhópum þar til að vekja athygli á FOC. Vinna þarf hratt og vel til að koma ákveðnum skilaboðum áleiðis í aðdraganda þings ICAO sem verður á næsta ári.

Kanna á möguleika á að setja ákveðin viðmið/standard í gegnum ILO t.d. hvað varðar vinnutímareglur og öryggismál og hvort setja megi á fót eftirlitsaðila á vegum ITF. Það gæti þó orðið flókið í framkvæmd.

Það var sameiginlegur tónn meðal flestra fulltrúa á fundinum um að það þurfi að efla fræðslu um hentifánastefnu flugfélaganna. Þetta á við bæði til félagsmanna stéttarféлага þ.e. launþega vítt og breitt, en ekki síður að fræða stjórnsmálamenn og almenning um þá þróun sem á sér stað og hvaða áhrif hún hefur. Þessu tengt var rætt um mikilvægi þess að eiga samstarf við alla þá sem vilja leggja okkur lið, hvort sem það eru fyrirtæki, flugvællir, stjórnsmálamenn eða aðrir. Reynslan hefur líka sýnt að samstarf við



Robert Hengster frá Verdi í Þýskalandi ásamt greinarhöfundum að kynna niðurstöður vinnuhóps á fundi ITF.

háskóla t.d. í tengslum við rannsóknir á stöðu mála getur virkað vel til að fræða og um leið gera upplýsingarnar betri og áreiðanlegri. Þau stéttarfélög hér á Íslandi sem tengjast fluginu ættu að sameinast í þessari baráttu, enda um sameiginlega hagsmuni að ræða.

Tónninn í lok fundar var að nú væri tími til að hætta að tala og byrja framkvæma. ITF mun nýta þá vinnu sem unnin var á þessum fundi til að uppfæra sitt vinnuþátt (work program) og gera framkvæmdaáætlun fyrir næstu misseri með aðstoð allra aðildarféлага. Þróunin á næstu örfáu árum gæti skipt sköpum um framtíð flugrekstrar eins og við þekkjum hann í dag.

Jóhannes Bjarni Guðmundsson

Fréttabréf FÍA

Ritstjórn

Kjartan Jónsson
kj@fia.is

Umbrot

Kjartan Jónsson
kjartan@dot.is

Myndir

airliners.net
Baldur Sveinsson
Mats Wibe Lund - myndasafn.is
Shutterstock

Útgefandi

Félag íslenskra
atvinnuflugmanna

júlí 2015

Fréttabréf FÍA er vettvangur félagsmanna og stjórnar til að miðla upplýsingum og fróðleik til flugmanna. Skoðanir einstakra greinarhöfunda endurspeglar ekki endilega opinbera afstöðu FÍA til einstakra málefna.

Öll notkun efnis úr Fréttabréfi FÍA er heimil gegn því að heimilda sé getið.

Icelandair:

Leiguflug næsta vetur

Loftleiðir Icelandic, leiguflugsmur Icelandair Group hf., hefur á undanförunum árum mest sinnt flugvéla-leigu ásamt viðhaldsþjónustu án áhafna. Í vetur verða 9 vélar (B737/B757/B767) í rekstri Loftleiða í Evrópu, Asíu og Bandaríkjunum. Síðasta ár var metár í rekstri Loftleiða og horfurnar góðar í ár. Mikil ró hefur verið á ACMI markaði, sérstaklega fyrir B757. Heimsferðir eru vinsælar á nýjan leik og samtals verða farnar fimm heimsferðir á þessu ári, þrjár fyrir A&K og tvær fyrir Lakani en þau flug eru flogin af Icelandair áhöfnum. Horfurnar eru góðar en nú þegar eru fjórar ferðir undirritaðar fyrir næsta ár og búið að bóka nokkrar ferðir fyrir árið 2017.

Þá hefur verið undirritaður samningur við Apple Vacations í Bandaríkjunum, um leiguflug frá Boston og Detroit til Cancun, Punta Cana og Puterto Vallarta, næsta vetur. Tvær vélar munu sinna því verkefni frá miðjum desember fram í miðjan apríl. Apple Vacations er ein stærsta ferðaskrifstofa N-Ameríku og er með leiguflug frá yfir þrjátíu áfangastöðum í BNA til karabíska-hafsins á veturna. Á sama tíma er þessi markaður mjög næmur fyrir verði og Apple hefur frekar notað minni vélar s.s. B737 og A320, en Icelandair flaug fyrir ferðaskrifstofuna í nokkra mánuði síðastliðinn vetur sem gekk mjög vel og er þetta því afrakstur þess.

ECA ráðstefna 24.-25. júní:

ICAO vinnur tillögur að auknu frelsi í flugi

- gæti haft mjög slæmar afleiðingar fyrir launafólk



Jóhannes Bjarni Guðmundsson, formaður alþjóðanefndar FÍÁ skrifar

Töluverð umræða var á nýafstaðinni ECA ráðstefnu um nýjar tillögur sem verið er vinna á vegum ICAO og virðast af ásettu ráði unnar með hraði og ekki fyrir opnum tjöldum. Þessi vinna á vegum ICAO snýst um að auka markaðsfrelsi flugfélaga um allan heim og að draga úr reglum um eignarhald og stjórnun félaganna. Verkefnið er kallað ATRP sem stendur fyrir Air Transport Review Panel. Meginmarkmið þessarar vinnu er að draga úr höftum og reglum í alþjóðlegum flugrekstri.

Heildarsamtök stéttarfélaganna í Evrópu og víðar vara við að þessar tillögur fari óbreyttar í gegn, enda ljóst að ef þær verða að veruleika, munu þær hafa gríðarlega mikil áhrif á allt starfsumhverfi í fluginu, flugmenn, flugfreyjur og allt annað launafólk.

Á síðasta ári voru settir á fót tveir vinnuhópar undir ATRP. Annar hópurinn er að skoða þróun alþjóðlegra loftferðasamninga og vinna tillögur varðandi markaðsðgang flugfélaganna og leiðir til að aflétta reglum um starfsemi og eignarhald. Hinn hópurinn skoðar samkeppnismál í alþjóðaflugi.

Nýlega voru síðan birtar tillögur frá þessum hópum og var hagsmunaaðilum eins og stéttarfélögum gefinn afar stuttur frestur til að gera athugasemdir. Fulltrúar okkar flugmanna í ECA og IFALPA þykja ljóst að hér séu örfá ríki Mið austurlanda að keyra málið áfram, enda hagsmunir þeirra miklir í flugrekstri og áætlanir þar um ótrúlegan vöxt.

Áætlað er að ATRP hópurinn komi saman í heild sinni í byrjun september n.k. og muni þá ljúka við þessar tillögur. Þær eiga síðan að fara fyrir þing ICAO (General assembly) á næsta ári og öðlast þá gildi.

Í þessari vinnu virðist afar líti áhersla vera á að tryggja réttindi starfsfólks eða setja flugstarfsemi einhverjar skorður til að stuðla að jafnri samkeppni og koma í veg fyrir félagsleg undirboð.

Á ECA fundinum nú í júní var samþykkt ályktun sem hér er birt til hliðar



ECA Conference Motion on ATRP – Multilateral Air Services Agreement

“The June 2015 Conference of the European Cockpit Association expresses the most serious concern at the proposed multilateral air services agreement under discussion for ICAO’s Air Transport Regulation Panel (ATRP). If taken up, the agreement would gravely damage Europe’s airline industry.

This agreement is being pushed forward hastily, is driven by opaque interests and takes place without public debate. It significantly changes the ICAO founding Treaty and is not following the appropriate diplomatic processes. Crucially, this agreement has the potential to reverse decades of progress and best practice in economic, labour and safety regulations. It is also wholly contrary to Europe’s objective to develop a social market economy.

Accordingly, the Conference directs the ECA Board and urges all Member Associations to engage with stakeholders and the media to raise awareness on this issue.

A balanced multilateral air services agreement must contain the following: a robust social dimension clause as tabled to this ECA Conference meeting; strong fair competition provisions; strong provisions on ‘Principle Place of Business’ (including a definition) and ‘Ownership & Control’; and strong environmental sustainability provisions.

Further, the Conference urges all ECA Member Associations to engage immediately with their national stakeholders and relevant authorities to secure Member State awareness and support in addressing these concerns with the ATRP agreement, in view of the upcoming ATRP meeting in early September 2015.”

þar sem öll aðildarfélög eru kvött til að róa öllum árum að því að koma í veg fyrir að þessar tillögur nái fram að ganga.

Þjóðverjar kynntu á fundinum þá vinnu sem verið hefur í gangi þar í landi eftir Germanwings slysið. Þýsk stjórnvöld settu á fót vinnuhóp til að fara yfir leiðir til úrbóta sem gætu mögulega komið í veg fyrir að svona slys endurtaki sig. Sá hópur virðist sam- mála um að reglan sem sett var á um að flugmaður væri aldrei einn í stjórnklef- anum, sé ekki endilega besta lausnin. Ýmsar leiðir eru ræddar varðandi umgengni um stjórnklefann sem gætu hentað betur og tengjast þá breytingum á búnaði á sjálfri hurðinni. Varðandi eftirlit með andlegu heilbrigði flug- manna þá hafa geðlæknar í Þýsklandi sagt að það væri ólíklegt til árangurs að bæta við heilbrigðisskoðun til að hindra slys eins og Germanwings. Hins vegar mætti að þeirra mati auka áherslu á sálfræðipróf í upphafi ferils flug- manna. Eins mætti koma á stöðkerfi innan flugmannahópsins til að auka líkur á því að menn leiti úrræða þegar eitthvað bjátar á. Stöðnefnd FÍA er t.d. eitt slíkt verkfæri. Aðalmálið hér er að umhverfið sé þannig að menn þori að viðurkenna vandann og sé ekki refsað fyrir það, heldur reynt að laga vandann.

EASA er líka að skoða þessi mál og er talið líklegt að stofnunin muni halda núverandi tilmælum í gildi um “four-eye rule”, en ekki festa hana í sessi sem skyldu. Áætlað er að EASA muni skila skýrslu til framkvæmda- stjórnar Evrópusambandsins nú í júlí varðandi tillögur til úrbóta eftir Germanwings slysið. Í allri þessari vinnu eru sérfræðingar okkar á vegum ECA virkir þátttakendur og koma sjónarmiðum okkar flugmanna til skila.

Á fundinum var farið yfir fjárhags- stöðu ECA sem er í góðu jafnvægi. Samþykktir voru reikningar fyrir síð- asta ár og farið yfir útlitið næstu miss- erin. Þá voru samþykktar breytingar á lögum ECA sem miða að því að nýta betur sjóð sem til er innan samtakanna og heitir ERF, European Regional Fund. Markmið sjóðsins hefur verið að styrkja smærri og verr stað aðildarfélög og greiða þeim kostnað við að koma fulltrúum sínum á fundi og ráðstefnur ECA. Nú var reglunum breytt í þá

veru að stjórn, starfsmenn og aðildar- félög ECA geta nýtt þessa peninga til ákveðinna verkefna með það að mark- miði að fjölga aðildarfélögum. Stjórnin er þegar farin af stað með verkefni svokallað “outreach program” til að reyna vekja til lífsins stéttarfélög í löndum þar sem lítil eða engin aðild hefur verið. Þetta skilaði því t.d. núna að fulltrúar voru mættir frá Póllandi og Slóveníu, sem hafa verið sjaldséðir á fundum ECA til þessa. Þeir kynntu stöðuna í sínu heimalandi, sem er vægast sagt erfið. Þjóðarflugfélögin

standa illa og t.d. eru allir flugmenn LOT flugfélagsins með tímabundna samninga og nýráðnir flugmenn á afar bágum kjörum. Og þetta er flugfélag í eigu ríkisins. Útlit er fyrir að breytingar verði á ríkisstjórn landsins innan tíðar og er þá talið líklegt að ný stjórn taki við flugfélaginu. Eru vonir flugmanna bundnar við að þá rætist kannski eitt- hvað úr stöðunni.

Næsta ráðstefna ECA verður í nóvember og þá liggur fyrir að kjósa þarf í tvær stöður innan stjórnarinnar.

Frá ÖFÍA

Þær ánægjulegu fregnir bárust nýverið að fjögurra ára samgöngu- áætlun fyrir árin 2015 til 2018 var afgreidd úr umhverfis- og samgöngu- nefnd. Öryggisnefnd FIA sendi inn umsögn á síðasta ári og kom marg- víslegum sjónarmiðum á framfæri. Í tillögunni sem fer nú aftur til umræðu í þinginu er auknu fjármagni ætlað til uppbyggingar á flugvöllum úti á landi. Stækkun flughlaðanna á Akureyrar- flugvelli og Egilsstöðum eru mikilvæg verkefni sem þola ekki mikla bið. Á þriðja tug flugfélaga flygur til Keflaví- ur og skrá gjarnan Egilsstaði, Akureyri og svo Reykjavík sem varavöll, þannig að mikilvægt er að þessir flugvellir geti tekið við fleiri flugvélum heldur en þeir gera í dag. Í nýlegri félagshag- fræðilegri greiningu á framtíð áætlunar- flugs innanlands (Innanríkisráðuneytið febrúar 2014) kemur fram að þjóð- hagslegur ávinningur samfélagsins af útgjaldakrónu hins opinbera til flugvallanna og flugsins í heild er 1,48 kr, þ.e. þjóðhagsleg arðsemi fjárfest- ingarinnar í flugvallakerfinu og fluginu á landsbyggðinni umfram útgjöld er 48%. Í skýrslunni kemur einnig fram að innanlandsflugið sem slíkt sé þjóð- hagslega arðbært og að þjóðhagslegur ávinningur af því næstu 40 árin séu um 70 milljarðar. Framkvæmdir við flug- vellina hafa því augljóslega margþætt og jákvæð áhrif í þágu flugöryggis og flugrekstrar almennt.

Í síðustu viku fékk ÖFÍA ánægjulega heimsókn frá Isavia. Fulltrúi Isavia kynnti fyrir nefndarmönnum nýtt aðalskipulag Keflavíkurflugvallar. Það er samdóma álit ÖFÍA að þessar hugmyndir séu vel ígrundaðar og vel

útfærðar. Keflavíkurflugvöllur var byggður sem herflugvöllur en notaður í dag í allt öðrum tilgangi og það kallar á ákveðnar breytingar sem ekki hefur verið komið í framkvæmd. Þar má telja sérstök svæði ætluð til afísingar flugvéla og high speed exits af flug- brautum. Aðalskipulagið er aðgengilegt á vefsíðu Isavia.

Ný norður-suðurflugbraut á aðal- skipulaginu vekur athygli. Slík fram- kvæmd, að starfrækja tvær samsíða flugbrautir, er til þess fallin að gera flugvöllum kleift að annast 50-70 millj- ónir farþega á ári, en björtustu spár um farþegafjölda í Keflavík eru nokkuð langt frá því. Keflavíkurflugvöllur er nokkuð vindasamur enda hafa Airbus og Boeing verksmiðjurnar komið þangað með nýjar vélar til hliðar- vindsprófana síðastliðin 20 ár. Því er umhugsunarvert, ef byggja ætti nýja flugbraut, að slík braut hefði leguna 15-33 en suðaustanáttir hafa verið áberandi og gert flugrekendum erfitt fyrir. Keflavíkurflugvöllur er gjarnan starfræktur með báðar flugbrautir í notkun á sama tíma vandkvæðalaust, flugtök á 11 og landingar á 02, því er vandséð að þörf væri á að koma upp samsíða flugbrautum. ÖFÍA mun koma ábendingum sínum varðandi masterplanið formlega á framfæri við ISAVIA.

Heilbrigðismál flugmanna eru einnig kominn inn á borð ÖFÍA og er áfram unnið að þeim málum innan nefndarinnar.

Tímamót hjá Flugfélagi Íslands: **Fokkerinn í 50 ár**

Um þessar mundir eru 50 ár síðan fyrsta Fokker flugvélin kom til landsins. Af því tilefni bauð Flugfélag Íslands til veislu miðvikudaginn 13.mái í flugskýli 4 á Reykjavíkurlugvelli. Þar komu saman starfsfólk Flugfélagsins til margra ára, áhafnir sem flugu fyrstu Fokker vélunum og fleiri sem unnu til dæmis á Reykjavíkurlugvelli árið 1965 þegar fyrsti Fokkerinn kom.

Forstjóri Fokker Services í Hollandi, Peter Somers, var með ávarp ásamt Árna Gunnarssyni framkvæmdarstjóra Flugfélags Íslands, Ragnhildi Hjaltadóttur ráðuneytisstjóra innanríkisráðuneytisins og Aðalsteini Dalmann en hann var einn af þeim sem störfuðu á Reykjavíkurlugvelli um miðjan maí 1965 þegar fyrsti Fokker lenti þar.

Karlakórinn Esja tók nokkur vel valin lög, en það var einmitt karlakór sem tók á móti fyrsta Fokkernum í maí 1965. Matseðillinn sem var í boði var grunninn sá sami og var í boði um borð í Fokker50 vélunum þegar þær komu til landsins árið 1992.

Auk þessa var fagnað þeirri ákvörðun Flugfélagsins að taka í notkun Bombardier vélar síðar á þessu ári.



Árni Gunnarsson tók við fagurlega skreyttum diskum frá Peter Somers til merkis um gott samstarf síðastliðin 50 ár.



Kosning um samþykktarbreytingar EFÍA

Á ársfundi EFÍA sem haldinn var þann 6. maí sl. lagði stjórn sjóðsins fram tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins. Um var að ræða tillögur um breytingar á makalífeyri og breytingar á barnalífeyri, auk annarra breytinga. Samkvæmt samþykktum sjóðsins fór fram allsherjaratkvæðagreiðsla sjóðfélaga um samþykktarbreytingar.

EFÍA naut liðsinnis FÍA við framkvæmd kosninganna og fékk afnot af kosningavef félagsins. Sjóðfélagar fengu því sendan tölvupóst með upplýsingum um kosningarnar og gátu kosið rafrænt. Jafnframt var boðað til kynningarfundar um efni samþykktarbreytinganna. Þeir sjóðfélagar sem ekki voru með skráð netföng hjá FÍA fengu upplýsingar og aðgengi að kosningavef sent með bréfpósti.

Greidd voru atkvæði um einstaka kafla tillagnanna, þ.e. breytingar á makalífeyri, breytingar á barnalífeyri og aðrar breytingar. Tillögur varðandi makalífeyri snúa að framtíðarréttindum vegna iðgjalda sem greidd verða í sjóðinn frá og með næstu áramótum en öll áunnin réttindi samkvæmt núgildandi samþykktum haldast óbreytt. Í tillögum um barnalífeyri er gert ráð fyrir að nýir úrskurðir frá næstu áramótum taki mið af breyttum samþykktum en engin breyting verði á eldri úrskurðum.

Kosningu lauk kl 14:00 29. júní 2015. Kosningaþáttaka var 19,1% og verður að viðurkennast að stjórn sjóðsins vonaðist eftir mun betri þáttöku en raunin varð. Atkvæði féllu með eftirfarandi hætti:

Breytingar á makalífeyri voru felldar með 59,1% greiddra atkvæða, 37,4% greiddu atkvæði með tillögunni en 3,5% sátu hjá.

Breytingar á barnalífeyri voru samþykktar með 52,6% greiddum atkvæðum, 42,1% höfnuðu tillögunni og 5,3% sátu hjá.

Aðrar breytingar voru samþykktar með 57,9% greiddum atkvæðum, 33,3% höfnuðu tillögunni og 8,8% sátu hjá.

Breytingar þær sem samþykktar voru taka gildi um áramótin. Breytt fyrirkomulag á barnalífeyri mun að


öðru óbreyttu auka ellilífeyrisréttindi um allt að 2% eftir aldri sjóðfélaga. Aðrar breytingar sem samþykktar voru hafa ekki áhrif á lífeyrisréttindi sjóðfélaga, þar er almennt um að ræða

breytingar til lagfæringa og samræmingu á orðalagi.

Ítarlegar upplýsingar um efni samþykktarbreytinganna má nálgast á vef sjóðsins.


Breytingar á 13. gr. um makalífeyri

Option	Tally
Samþykki	64
Hafna	101
Ég sit hjá	6
Total Responses	171
Breytingar á 13. gr. um makalífeyri	




Breytingar á 14.gr. um barnalífeyri

Option	Tally
Samþykki	90
Hafna	72
Ég sit hjá	9
Total Responses	171
Breytingar á 14.gr. um barnalífeyri	



Aðrar breytingar (11.gr., 12. gr.18. gr. og 21. gr.)

Option	Tally
Samþykki	99
Hafna	57
Ég sit hjá	15
Total Responses	171
Aðrar breytingar (11.gr., 12. gr.18. gr. og 21. gr.)	



Nýr Framkvæmdastjóri EFÍA

Jón L. Árnason framkvæmdastjóri EFÍA hefur sagt starfi sínu lausu frá og með 30. júní 2015 en hann hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri Lífsverk lífeyrissjóðs verkfræðinga og mun taka við því starfi 9. júlí 2015. Stjórn EFÍA þakkar Jóni vel unnin störf og óskar honum velfarnaðar í nýju starfi.

Snædís Ögn Flösdóttir hefur verið ráðin framkvæmdastjóri EFÍA og tekur hún við starfinu 1. júlí 2015. Snædís hefur starfað hjá Arion banka og forverum hans frá árinu 2006 og á Eignastýringarsviði Arion banka frá árinu 2008. Nú síðast starfaði Snædís við Eignastýringu fagfjárfesta en hún hefur einnig unnið sem sérfræðingur á Eignastýringarsviði og lengst af sem gæðastjóri og verkefnastjóri. Í störfum sínum hefur hún öðlast viðtæka reynslu af rekstri lífeyrissjóða. Maki Snæðisar er Jökull Ingvi Þórðarson og eiga þau þrjú börn, 8, 9 og 13 ára.

Snædís er með B.Sc gráðu í Iðnaðarverkfræði frá Háskóla Íslands og hefur lokið prófi í verðbréfamiðlun. Snædís er jafnframt að leggja lokahönd á rannsóknarverkefni til meistaraþrófs í Iðnaðarverkfræði við Háskóla Íslands en verkefni hennar fjallar um áhættustýringu í rekstri lífeyris-
sjóða.



Heilsuvernd flugfólks

Nýr vefur - fittofly.com

Settur hefur verið í loftið nýr vefur sem snýr að heilsufarsmálum í tengslum við flug, þar er hægt að nálgast margar góðar og gagnlegar greinar um heilsufarsmál flugfólks og fyrir flugfarþega.

Geirprúður Alfredsdóttir, flugstjóri hjá Icelandair og fyrrverandi formaður Heilsu- og vinnuverndarnefndar FÍA, stendur á bak við þennan vef og er óhætt að segja að þar kenni ýmissa grasa í þessum málaflokki eins og sjá má á meðfylgjandi skjámyndum.

Við óskum Geirþrúði til hamingju með þessa glæilegu síðu, fittofly.com.

July 2, 2015

FOR SAFETY AND PEACE OF MIND.
BE BENE WEARING IT.

[FÖRBIÐA](#)
[FLUGIÐ](#)
[Á FERMANAGI](#)
[BANKASÖNNIR](#)
[LÖG OG REGLUR](#)
[UM FRET TIL FLY](#)
[+ ÍSLENSKA](#)
[# ENGLISH](#)

FIT TO FLY

Flokkur: Vinnuvernd flugáhafna

Hefstu lög og reglugerðir um heilvæði, vinnuvernd og þryggt flugáhafna.

HELFSTU LÖG OG REGLUGERÐIR

ALÞINGI

Hefstu lög og reglugerðir um heilvæði-vinnuvernd og þryggt flugáhafna sam-gilda á Íslandi. Á Íslandi eru í gildi lögg...

Efnisflýrit

- Að harkast / auga við skjafa sig
- Að stíga við glugga eða gang
- Íðiga/þjálur / fóm - þrepaprytlings sokkar
- Bólusennigar
- Bom á ferð og flugi
- Eðlufaradrar
- Ekki á morgun, heldur hán
- Fer korts á blóðsopa / flugi
- Færni - óberlegur otti
- Ferðalag og meðgöngu
- Ferðaspjónrakasi
- Flug, heym og óþengindi í eyrum
- Flugáhafni eru líklegri til að fá smásvæll en foka almennt
- Flughæðin - þegar hálfstirn heilla

JULY 2, 2015

FIT TO FLY

FOR SAFETY AND PEACE OF MIND.
BE SEEN WEARING IT.

FORSÍÐA

Í FLUGI

Á FERDALAGI

RANNSÓKNIR

LÖG OG REGLUR

UM FIT TO FLY

ISLENSKA

ENGLISH

Bólga/bjúgur í fótum – þrepaprýstings sokkar

Nýjustu greinar

FÆLNI – ÓBÆRILEGUR ÓTTI

Höf. Dr. Eirík Örn Arnarsson Fælni má skilgreina sem yfirþyrmandi ótta og ómóttæðilega niðrun við fremur meintlausu hluti, atferli...

FLUG, HEYRN OG ÓÞÆGINDI Í EYRUM

Höf. Einar Jón Einarsson. Flestir þekkja þá tilfinningu að fá óþægindi í eyrum þegar flugið er. Margar ástæður geta...

FERDALÖG Á MEÐGÖNGU

Þú ert líkleg þetta.

Þú og 602 aðrir kunnu að mæta Fit To Fly.

Facebook hlýðing þín

Hér er þessi hluti af lífinu
Óþjört og í allfaraleið

SKJAL ÞÝÐINGASTOFA

Hægt að skíða heim í hlað:

Skýjaborgir kaupa hús í Hálöndum

Það er gleðilegt að geta tilkynnt að við höfum fest kaup á nýju húsi við Akureyri.

Um er að ræða Hrafnaland 11 í orlofs-húsabyggð sem heita Hálönd og standa rétt neðan við skíðasvæðið í Hlíðarfalli.

Um er að ræða nýbyggingu uppá 106fm og með svefnpláss fyrir allt að 10 manns. Áætlað er að húsið verði tilbúið til útleigu í janúar 2016. Fyrir áhugasama má benda á ítarefni á vefsíðunni halond.is

Að gefnu tilefni minnum við á að ávallt á að skilja amk. einn fullan gaskút eftir við brottför úr húsi.

Í hverjum einasta pistli sem þessum bendum við á umgengnismál. Samt er það þannig að það eru alltaf einhverjir sem ekki hafa metnað til að ganga, þó ekki væri nema þolanlega, frá húsunum okkar. Það er ömurlegt að þurfa að hafa samband og kvarta undan lélegri umgengni. Við erum nú þegar búnir að útiloka nokkra frá leigu á húsunum okkar. Ekki vera næst(ur)...

Valur Hlíðberg
formaður Skýjaborga

